

ARI PÁLL KRISTINSSON

Einfalt mál, gott mál, skýrt mál

*Grein þessi var upphaflega samin sem erindi,
til flutnings í heyranda hljóði. –Ritsj.*

Einfalt mál

Ég vil taka því með svolítilli varúð þegar fjallað er um tungumál heimsins og staðhæft að sum mál séu einföld og önnur séu flókin. Þá er t.d. staðhæft að t.a.m. pólska eða íslenska séu geysilega flókin mál en t.a.m. hollenska eða indónesíska séu geysilega einföld mál. Undirskilið í þessum staðhæfingum er svo að það sé mjög erfitt fyrir útlending að læra flóknu málin og mjög auðvelt fyrir útlending að læra einföldu málin.

Vel má vera að eitthvað sé til í þessu en það verður líka að hafa í huga að það er afstætt hvað telst einfalt og flókið og það getur komið fram í mismiklum mæli eftir sviðum tungumálsins. Beygingar eru eitt, orðaröð er annað, framburður er enn annað og loks eru merkingarblæbrigði sama orðs eftir samhengi – en þau er oft erfiðast að höndla fyrir þann sem lærir erlent mál. Þá er ótalið veigamikilið atriði sem snýr að málbeitingu í mismunandi aðstæðum, þ.e. hvaða málsnið er venjan að nota í hvaða samhengi í viðkomandi málsamfélagi.

Þótt eitt þessara sviða sé tiltölulega margbrotið í tilteknu tungumáli er ekki þar með sagt að hin sviðin séu það líka. Það er of mikil einföldun að halda því fram að ef tungumál er þannig í laginu að nafnorð beygjast ekki í föllum og lýsingarorð ekki í föllum og kynjum þá sé björninn unninn og málin auðlærð.

Vissulega fer svo erfiðleika- eða „flækju“stigið eftir því að hve mikilli færni er stefnt í viðkomandi tungumáli og fólk getur sjálfsagt orðið slarkfært miklu fyrr í sumum málum en öðrum. En þá er kannski horft fram hjá því að tungumálin kunna að vera „einföld“ eða „flókin“ á ólíkum sviðum þannig að til að mynda margbreytileika í formum, þ.e. beygingum, kunni á móti að fylgja frjálsari orðaröð. Það þýðir t.d. að þótt útlendingur, sem lærir íslensku, eigi tiltölulega erfitt með að læra beygingar þá á hann e.t.v. hins vegar tiltölulega auðvelt með að tileinka sér tæka orðaröð í íslensku. Og tungumál með einfalda málfræði (kerfislega) kann að hafa flóknar hefðir um samband smáorða við fallorð eða sagnorð þannig að t.d. merkingarfyrirbærum á borð við stefnu og afstöðu sé komið til skila með margbreytilegum forsetningum sem valdar eru eftir tiltölulega ógagnsæjum málvenjum.

Nú er ég ekki að halda því fram að það sé álíka auðvelt að læra öll tungumál sem erlend mál enda hef ég engar forsendur fyrir því. Samt langar mig að sá fræjum efasemda í huga þeirra sem til að mynda hallast að því að íslenska sé eitt flóknasta mál veraldar fyrir fullorðna með annað móðurmál. Ekki dettur mér þó í hug að íslenskunám sé létt verk né að hafna því að íslenska kunni að vera tiltölulega flókin hvað varðar fleira en málkerfið eitt. En ég trúir því tæpast að íslenska sé jafn erfið á öllum sviðum.

Aðan var nefnt að viðmiðunin fer líka eftir því að hve mikilli færni er keppt. Ef aðeins er keppt að því að geta keypt sér mjólk og brauð, geta sagt læknum hvar manni er illt og skilja fyrirmæli verkstjórans í vinnunni þá horfir málið öðruvísi við en hjá þeim

sem þráir að skilja fréttir og dagblöð að ekki sé talað um að beita erlendu máli sjálfur til að geta látið skoðanir sínar í ljósi á flóknum viðfangsefnum með þeim blæbrigðum sem hæfa þeim sjónarmiðum sem ætlunin er að koma á framfæri hverju sinni.

Gott mál

Nú verður hugað að hugtakinu *gott mál* og fjallað sérstaklega um íslensku í því sambandi. Aldrei verður of oft tekið fram að ekki er til einn algildur mælikvarði á gott mál. Margir hafa tilhneigingu til að skilja gott mál einungis sem það sem kalla má vandað ritmál. Þar er til dæmis talinn góður siður að lífga upp á stílinn með því að nefna hlutina fleiri en einu nafni þegar vikið er að þeim aftur og aftur og þar er gætt að því að hver málsgrein segi heila hugsun og hafi persónubeygða sögn. Þetta er talsvert öðruvísi í samtölum og öðru lifandi talmáli. Þar er mælikvarðinn á gott mál ekki síður árangurinn í samskiptum. Komast boðin til skila á báða bóga, komast allir viðmælendur að með sín sjónarmið?

Besta lýsingin á góðu máli, sem ég hef séð, er að mikilvægast sé í allri málvöndun að orð hæfi efni og stíll tilefni (*Álitsgerð um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum* 1986:35). Með það sem leiðarljós má með góðum rökum halda því fram að algeng orð og hlutlaus orðaröð, eða hvernig sem við annars skilgreinum *einfalt mál*, geti sem best jafnframt verið *gott mál* ef orðin hæfa efninu og stíllinn tilefninu.

Málnotendur hafa oft um ýmsar leiðir að velja til að orða hugsun sína. Margs kyns tilbrigði í málfari eru til en þau eru ekki öll jafngild við allar aðstæður. Sumt er talið við hæfi á einum stað og stund en annars ekki. Einn liður í málkunnáttu málnotenda er að hafa vald á því að fella orðaval, orðalag, beygingar, framburð o.s.frv. að því málsniði sem um ræðir hverju sinni. Athugasemdir eða aðfinnslur um málfar beinast raunar oft að því að einhver velur leið í málnotkun sem annar telur óviðeigandi. Málnotendur hafa mismunandi mat á aðstæðum að þessu leyti, mismunandi málsmekk og eins er hæfni þeirra misjöfn í að bregða fyrir sig mismunandi málnotkun og að átta sig á mun þeirra málsniða sem notuð eru í málsamfélaginu. Hugtökin *rétt mál* og *rangt mál* eiga ekki vel við í þessu sambandi. Fremur er talað um *gott mál* eða *vandað mál* og *vont mál* eða *óvandað mál*. (Ari Páll Kristinsson 1998:26.)

Rétt mál er málnotkun sem samræmist (einhverri) íslenskri málvenju en rangt mál samrýmist engri íslenskri málvenju. Rangt mál, t.d. setningin **Páll eldaði fiskurinn*, getur hvergi talist æskilegt en ekki er þar með sagt að rétt mál (í þessum skilningi) eigi sjálfkrafa rétt á sér við allar aðstæður, t.d. ekki þessi „rétt“ setning: *Páll annaðist matreiðslu á sjávarskepnu þessari*. Óviðeigandi orðaval, sem og klúðurslegar setningar, getur þannig til dæmis oft talist rétt mál án þess að vera í raun málnotkun við hæfi – og getur þá verið í senn rétt mál og vont. (Ari Páll Kristinsson 1998:26.)

Skýrt mál

Gott mál eða vandað mál er að jafnaði skýrt að því er varðar orðaval, orðalag og framburð. Reynt er að velja þau orð sem best eiga við hverju sinni, nota lipurt orðalag og tala skýrt og ekki of hratt. Þannig getur málið gegnt vel því hlutverki sínu að færa boð milli mælanda og viðmælanda. (Ari Páll Kristinsson 1998:26.)

Að vísu leika hæfir málnotendur stundum þann leik að nota vísvitandi óskýrt orðalag o.s.frv. til að ná markmiðum sínum í málnotkun. Takist það má segja að málnotkunin gegni vel hlutverki sínu og teljist í þeim skilningi gott mál eða vandað mál enda hæfi hún þeim aðstæðum sem um ræðir. Með *góðu máli* er einmitt átt við málnotkun

sem er við hæfi í því málsniði sem notað er hverju sinni. (Ari Páll Kristinsson 1998:26-27.)

Skýrt mál (orðaval, orðalag, framburður) á yfirleitt við í öllum málsniðum. Samkvæmt íslenskri málstefnu telst það yfirleitt gott eða vandað mál í flestum málsniðum að velja íslensk orð fremur en erlendar slettur og að velja hefðbundnar beygingar fremur en beygingar sem eru eða hafa verið hugsanlegir vísar að breytingum á beygingakerfinu. (Ari Páll Kristinsson 1998:27.)

Í raun eru til óendanlega mörg og margvísleg mismunandi málsnið eftir aðstæðum. Málnotkunarfærni er ekki síst fólgin í því að þekkja hinar oftast óskrifuðu reglur sem gilda í hverju málsamfélagi um hvar þetta eða hitt málsniðið á við og þetta skarast mjög mikið við kunnáttu í orðaforða viðkomandi tungumáls af því að sú kunnátt er grundvöllur þess að geta valið milli samheita með mismundandi notkunarvið og blæbrigði og geta gripið til þeirra við viðeigandi aðstæður í daglegu lífi og samskiptum við annað fólk.

Til að útskýra slíkan breytileika í stíl má líta á þessa setningu: *Pabbi var að baka*. Setningin er eins einföld og hægt er að hugsa sér og valin eru algengustu eða hlutlausustu merkingarorðin. Við sem þekkjum þær málnotkunarreglur sem gilda í íslensku málsamfélagi vitum að þessa setningu má nota við allar venjulegar aðstæður. Hátíðlegra eða formlegra málfar væri kannski: *Faðir minn annaðist baksturinn*. Þetta orðalag kann að eiga heima við tiltekna aðstæður eða samhengi en það er „markað“. *Pabbi var að baka* væri á hinn bóginn hægt að nefna „ómarkað“ orðalag. En hátíðlegt eða formlegt orðalag á borð við *Faðir minn annaðist baksturinn* telst vitaskuld gott mál í því samhengi þar sem það á heima. Það sem mestu skiptir er, eins og áður sagði, að orð hæfi efninu og stíllinn hæfi tilefninu.

Þegar hugað er að málsniðum í textum, t.d. á vegum opinberra aðila, í reglum o.s.frv., má almennt segja að æskilegt sé að nota eftir bestu getu skýrt og skiljanlegt málfar. E.t.v. er meiri þörf á því á Íslandi nú en nokkru sinni fyrr þegar haft er í huga að hér búa nú fjölmargir sem eiga íslensku ekki að móðurmáli heldur verða að reiða sig á mismikla kunnáttu í íslensku sem öðru máli.

Nefna má hér sem dæmi nokkur þeirra atriða sem einkennt geta óskýrt málfar: notuð eru sjaldgæf eða sérhæfð orð; mikið er um nafnorð, jafnvel margsamsett, en minna um persónubeygð sagnorð; setningum er skotið inn í aðrar setningar.

Vilji menn hins vegar forðast ofangreind einkenni í stíl sínum má t.d. hafa hugfast að algengur orðaforði gerir að jafnaði sama gagn og sérhæfð og sjaldgæf orð; langoftast má koma hugsun á framfæri án þess að nafnorðastíll verði áberandi; í stað þess að troða setningum inn í aðrar setningar er oftast til bóta að búa fremur til nýjar málsgreinar.

Ætla má að þeir sem eiga íslensku að móðurmáli hafi um ævina lært fleiri orð og þar með talin samheiti en þeir sem læra íslensku fullorðnir og þar af leiðandi sé staða hinna fyrrnefndu sterkari gagnvart snúnum textum. Enda þótt virkur orðaforði þess sem kann íslensku sem móðurmál sé ekki endilega miklu stærri en þess manns sem lærir íslensku vel sem erlent mál þá hefur móðurmálsnotandinn væntanlega oft náð að næla sér í meira af óvirkum orðaforða en hinn sem notar íslensku sem erlent mál. Óvirki orðaforðinn skiptir miklu máli við textaskilning og er lykilatriði þegar kemur að því að skilja ýmislegt sem frá stjórnvöldum kemur eða í samningum eða öðru lögfræðilegu málfari.

Hér er ábyggilega verk að vinna í íslensku málsamfélagi við að koma þeirri hugsun á framfæri að það sé gott og göfugt markmið að textar skiljist.

Embættismenn og lögfræðingar eru ekki einu stéttirnar sem þurfa að huga að þessu. Ég hef beint því til útvarps- og sjónvarpsfréttamanna að losa sig úr viðjum ritmálsins þegar samdar eru fréttir sem á að lesa upp í þessum miðlum sem eru einmitt talmiðlar en ekki ritmiðlar (Ari Páll Kristinsson 1998). Lítum á dæmi: *Lenging tímabils sauðfjárslátrunar hefur ýmsa kosti í för með sér*. Þarna var átt við að það væri til bóta að sláturtíðin byrjaði fyrr en venjulega (1998:21).

Einfalt eða skiljanlegt málfar þarf ekki endilega að glata stílgildi sínu sem vandað mál sem trútt er málvenjum og forðast slanguryrði. Hugsum okkur að verið sé að semja frétt um sumarleyfisferðir. Þar mætti búast við setningu á borð við: *Óvenjulítið hefur verið um bókanir í sumarleyfisferðir í ár* (sbr. Ara Pál Kristinsson 1998:23). Þetta er út af fyrir sig ekki mjög flókið en samt væri hægt að ná fram látlausari setningu og e.t.v. skiljanlegri, t.d. með því að orða þetta svo: *Það hafa frekar fáir bókað ferðir næsta sumar*. Þarna er þeirri venju almennra samtala og talaðs máls fylgt að byrja á *það*, notað er sagnorðið *bóka* í stað nafnorðsins *bókanir* og í stað samsetta nafnorðsins *sumarleyfisferðir* er talað einfaldlega um *ferðir næsta sumar*. Þarna næst fram látlausara og auðskildara málfar án þess að slegið sé af einhverju sem kalla má nauðsynlegan staðal eða viðmið í fréttamáli í miðli sem tekur sig alvarlega. Út af fyrir sig má segja þessa sömu hugsun með setningunni *Fólk er lítið farið að spá í sumarfríin* (sbr. Ara Pál Kristinsson 1998:23) en sú útfærsla nær engu markmiði til skilningsauka umfram setninguna *Það hafa frekar fáir bókað ferðir næsta sumar*; munurinn er einkum í stílgildi orðalagsins en ekki í „flækjustiginu“ af því að setningin *Það hafa frekar fáir bókað ferðir næsta sumar* nær því markmiði að skiljast um leið og hún er lesin upp.

Málið gegnir illa hlutverki sínu ef röð setningarliða eða umfang þeirra veldur viðmælenda erfiðleikum við skilning. Málsgreinar á borð við þessa skjóta stundum upp kollinum í fjölmiðlum: *Verktakinn sér eftir að hafa þurft að stríða við margháttaða erfiðleika við framkvæmdirnar nú fyrir endann á verkefninu*. Hér hefði getað farið betur á að segja t.d.: *Verktakinn sér nú fyrir endann á verkefninu eftir að hafa þurft að stríða við margháttaða erfiðleika við framkvæmdirnar*. (Ari Páll Kristinsson 1998:30-31.)

Svokallað stofnanamál í opinberum gögnum er alþekkt úrlausnarefni í öllum þeim málsamfélögum sem standa Íslandi nærri. Háværustu kvartanirnar hef ég heyrt úr frönsku- og enskumælandi löndum en kannski er það tilviljun.

Ekki þarf mikið hugmyndaflug til að átta sig á því að eftir því sem lagafyrirmæli og leiðbeiningar stjórnvalda til borgaranna eru tærari þeim mun betur ganga samskipti borgaranna við stofnanir samfélagsins.

Svíar nota orðið *klarspråk* um skýrt og skiljanlegt málfar. Sérstakri deild í stjórnarráðinu þar er falið að efla þetta á vegum ríkisstjórnarinnar þannig að það hafi áhrif í þeim skjölum sem ráðuneyti og stofnanir bera ábyrgð á. Sjá vefsíðuna: <http://www.regeringen.se/sb/d/2518>. Þar segir m.a.:

Regeringen främjar ett klart myndighetsspråk på flera sätt: Regeringskansliets språkexperter granskar bl.a. lagförslag, skriver handböcker och håller kurser för de anställda i departement och kommittéer. Klarspråksgruppen uppmuntrar myndigheterna att bedriva språkvård. EU-språkvården verkar för klarspråk i EU-sammanhang.

Það kemur ekki á óvart að Evrópusambandið sé tiltekið sem sérstakt svið þar sem þurfi sérstaklega að huga að umbótum, allir kannast við það orð sem fer af tilskipunum og reglum Evrópusambandsins þegar kemur að tærum og auðskildum texta. Eflaust sæta þó embættismenn og þýðendur Evrópusambandsins að einhverju leyti ósanngjarnri gagnrýni að þessu leyti og þess verður að gæta að skjöl sambandsins eru eflaust mótuð eftir sambærilegum hefðum og annað stjórnsýslu- og lagamál sem hefðbundið er í aðildarlöndum Evrópusambandsins og þó kannski einkum og sér í lagi þeim hefðum sem ríkja eða ríktu í löndum sem mynduðu Evrópubandalagið í upphafi þar sem tónninn var sleginn.

Martin Cutts er Breti sem hefur m.a. beitt sér fyrir átaki undir heitinu *Plain English Campaign*, sjá nánar á vefnum <http://www.plainenglish.co.uk/index.html>. Hann fæst m.a. við að fara yfir texta í fyrirtækjum og veita leiðbeiningar um leiðir til að koma efninu til skila á skýrara máli. Þetta er líklega dæmi um starfsemi í yfirbyggingu samfélaga okkar á Vesturlöndum þar sem verið er að vinna ofan af ógagninu sem aðrir innan yfirbyggingarinnar vinna! Mér er minnisstætt að á norrænu málþingi um einfalt mál 1998 sagði Cutts m.a. sögu af því þegar hann fór yfir skýrslu fyrir forstjóra nokkurn og byrjaði á að skýra forstjóranum frá þeirri niðurstöðu að það væri allt í lagi með skýrsluna ef undan væri skilin ein einasta setning. Sá varð auðvitað harla glaður en líka forvitinn og vildi vita hvaða setning þetta væri. Þá var svarið: „Það er setningin sem hefst á bls. 2 og endar á bls. 19.“ (Lindgren (1999) gerði útdrátt úr erindi sem Cutts hélt á fyrrnefndu málþingi.)

Martin Cutts hefur einnig haldið erindi og námskeið fyrir starfsmenn Evrópusambandsins. Þar hefur hann m.a. ásamt fleira fólki unnið undir kjörorðinu *Fight the fog*. Ekki veit ég hvernig því starfi er háttað um þessar mundir en a.m.k. er enn til vefsíða á vegum þýðingaþjónustu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins undir þessu kjörorði þar sem m.a. eru handhægar leiðbeiningar fyrir höfunda opinberra texta og er þar m.a. byggt á *The Plain English Guide* eftir Martin Cutts. Sjá <http://europa.eu.int/comm/translation/en/ftfog/booklet>. Á heimasíðu *Plain English Campaign* eru hvatningarorð frá ýmsum framámönnum. Eftirfarandi er haft eftir Margaret Thatcher barónessu og fyrrverandi forsætisráðherra Breta:

Human relationships depend on communication. Bad writing is a barrier to communication. When a large organisation such as the Government tries to communicate with the man and woman in the street the scope for misunderstanding is enormous. Too often clarity and simplicity are overwhelmed by pompous words, long sentences and endless paragraphs.

If we all wrote in plain English how much easier – and efficient – life would be. It is no exaggeration to describe plain English as a fundamental tool of good Government.

Some people think that flowery language and complicated writing is a sign of intellectual strength. They are wrong. Some of our greatest communicators were – and are – passionate believers in the simplicity of the written word. As Winston Churchill described a particularly tortured piece of 'officialese': 'This is the sort of English up with which I will not put.'

Á vegum *Plain English Campaign* eru árlega veitt verðlaun, skammarverðlaun nánar til tekið, sem nefnast *Golden Bull*, sjá <http://www.plainenglish.co.uk/goldenbull.html>.



„These awards are given for the year's worst examples of gobbledygook.“

Meðal „sigurvegara“ 2004 var British Airways fyrir textann „terms and conditions“:

CHARGES FOR CHANGES AND CANCELLATIONS NOTE – CANCELLATIONS – BEFORE DEPARTURE FARE IS REFUNDABLE. IF COMBINING A NON-REFUNDABLE FARE WITH A REFUNDABLE FARE ONLY THE Y/C/J-CLASS HALF RETURN AMOUNT CAN BE REFUNDED. AFTER DEPARTURE FARE IS REFUNDABLE. IF COMBINING A NON-REFUNDABLE FARE WITH A REFUNDABLE FARE REFUND THE DIFFERENCE /IF ANY/BETWEEN THE FARE PAID AND THE APPLICABLE NORMAL BA ONEWAY FARE. CHANGES/UPGRADES- PERMITTED ANYTIME

Baráttan fyrir skýru og skiljanlegu málfari stjórnvalda er alþjóðlegt viðfangsefni og er m.a. fjallað um hana á ráðstefnum með heiti á borð við „Clarity and Obscurity in Legal Language“, sjá <http://www.adler.demon.co.uk/clarity/home/about.htm>. Þá eru til samtökin *The Plain Language Association International* með aðsetur í Washington, sjá <http://www.plainlanguage.network.org>.

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari var meðal frummælenda á málþingi um málfar í opinberum skjölum sem Íslensk málstöð efndi til 29. september 2001. Hjördís hefur lagt sig sérstaklega fram um að skilja sérstakt eðli lagamáls og hvað greini það frá öðru málfari og jafnframt hvort hægt er að gera það skýrara og þá hvernig. Erindi Hjördísar á málþinginu var prentað í *Málfregnum* 2002.

Hjördís telur (2002:46-47) að lagamálið skapi ekki eins mikil vandræði hér hjá okkur og víða annars staðar, sérstaklega í engilsaxneskum löndum, en þar með sé ekki sagt að staðan sé algóð hérlandis. „Við lögfræðingar erum að mörgu leyti föst í gömlum hefðum og hættir ósjálfrátt til að fyrna mál okkar og skrifa langar og stundum óskýrar setningar. Kansellistíllinn er mörgum lögfræðingi enn hjartfólginn og einnig svonefndur júrídískur þankagangur. Hef ég grun um að misskilningur á merkingu þessa hugtaks hafi

á stundum átt sök á því að ekki var gætt að skýrri og markvissri framsetningu á rökstuðningi í lögfræðilegum skrifum. Einnig eru ýmsir lagatextar óþarflega snúnir og mætti gera þá aðgengilegri með skýrara orðafari og setningaskipan“ (2002:47).

Hjördís kveðst kannast við það sjónarmið ýmissa að dómsvaldið eigi að birtast í dálítið hátíðlegu andrúmslofti í réttarsalnum og þeim finnist því að dómariinn eigi ekki að nota tungutak götunnar. Þessu sjónarmiði svarar Hjördís svo: „... dómsvaldið er raunverulegt vald og oft örlagavaldur og orðafarið getur í dag eins og fyrrum skipt máli um hvernig þetta vald birtist og jafnvel um það hvernig hægt er að verjast því“ (2002:47) og bætir við: „Ýmsar erlendar rannsóknir hafa sýnt að það léttir og flýtir vinnu við dómstóla ef lögmenn tjá sig með almennum og skýrum orðfæri í stað hefðbundins lagamáls. Þeim mun heldur ætti það að auðvelda almenningi að skilja rétt sinn og sækja hann“ (2002:47-48).

Heimildir:

- Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfar í talmiðlum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Guðmundur B. Kristmundsson, Baldur Jónsson, Höskuldur Þráinsson, Indriði Gíslason. 1986. *Álitsgerð um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum*. Samin af nefnd á vegum menntamálaráðherra 1985-1986. Rit Kennaraháskóla Íslands. B-flokkur: Fræðirit og greinar 1, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran. 2001. Málfar í stjórnsýslu. *Málfregnir* 20:25-29.
- Hjördís Hákonardóttir. 2002. Lagamálið: tæki valds og réttlætis. *Málfregnir* 21:43-48.
- Kristján Árnason. 2000. Hugleiðingar um íslenskt lagamál. *Málfregnir* 19:3-10.
- Lindgren, Birgitta. 1999. Plain Language Commission [ett kort sammandrag av Martin Cutts föredrag]. *Nordiskt klarspråksseminarium*. Rapport från ett seminarium den 14-16 maj 1998 i Stockholm. Bls. 33-37. Nordiska språkrådet, Stokkhólmi.
- Sigurður Línal. 1988. Málfar og stjórnarfar. *Málfregnir* 3:12-18.